

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Furuborgir, Minniborgum, frístundasvæði.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til frístundasvæðis F59, Furuborgir í landi Minniborgar. Skipulagðar eru 37 lóðir á bilinu 3.735-11.255 m². Heimiluð verður uppbygging frístundahúsa og gestahúsa í samræmi við heimilað byggingarmagn skv. nýtingarhlutfalli.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. febrúar 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 26. febrúar 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 12. mars 2025